



Höðuvallaskóli

Kennsluáætlun 2025-2026

Bekkur: 2.bekkur

Námsgrein: Lykilhæfni

Fjöldi kennslustunda á viku: samþætt við allar greinar

Kennarar: Andrea Marie, Arna Lind, Brynhildur Olga og Guðbjörg (Bogga).

Markmið: Að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda, búa þau undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og að þeir öðlist getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur.

Lykilhæfni snýr að nemandanum sjálfum, er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans og tengist öllum námssviðum. Góð lykilhæfni gerir einstaklingum kleift að læra við ólíkar aðstæður, takast á við breytingar, vinna í samfélagi með öðru fólki og bregðast við á þann hátt sem hentar þeim sjálfum til uppbyggingar og farsæls lífs

(<https://www.adalnamskra.is/studningsefni/lykilhaefni>)

Kennsluaðferðir: Samþætt við aðrar námsgreinar yfir námsárið

Námsgögn: Fjölbreytt, taka mið af hverri námsgrein fyrir sig og verkefni.

Námsmat: Frammistaða nemanda er metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni út frá Aðalnámskrá grunnskóla. Hæfniviðmiðin eru metin út frá eftirfarandi matskvarða:

1.-2.bekkur	3.-10.bekkur		
Ekki gefið A	A	Framúrskarandi	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	Mjög góð hæfni	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	Hæfni náð	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	Á góðri leið	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	Þarfnast þjálfunar	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
Ekki gefið D	D	Hæfni ekki náð	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

Nemendur og foreldrar/forráðamenn hafa aðgang að námsmatinu á Mentor. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir allt skólaárið.



Hörðuvallaskóli

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar

Tímabil	Námsþáttur	Hæfniviðmið	Námsmat
2. bekkur Haustönn og vorönn	Samþætt við allar námsgreinar.	hlustað á aðra, sýnt tillitssemi og haldið sig við umræðuefni, lært og notað ný orð til að ræða ólík viðfangsefni, unnið fjölbreytt verkefni á skapandi hátt, lært af mistökum sínum, unnið með öðrum að verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi, skilið viðmið um árangur og til hvers er ætlast, áttað sig á ólíkum og fjölbreyttum störfum sem unnin eru í samfélaginu.	Verkefnavinna Virkni